

REGLUGERÐ**um skömmtun á skófatnaði.**

Samkvæmt heildild í lögum nr. 70 5. júní 1947 og lögum nr. 37 12. júní 1939, enn fremur lögum nr. 59 7. maí 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Frá og með 15. ágúst 1947 er bannað að selja skófatnað, nema gegn seðlum, sem út eru gefnir að tilhlutan ríkisstjórnarinnar, sbr. þó næstu grein.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. gilda ekki um gúmmískófatnað og venjulegan inniskófatnað; nú leikur vafi á því, hvort um inniskó er að ræða, og skal þá herja það undir úrskurð Skömmtunarskrifstofu ríkisins.

3. gr.

Allir þeir, sem verzla með framangreinda vöru, hvort sem er í smásölu eða heildsölu, svo og innlendir framleiðendur, skulu fyrir 17. ágúst 1947 gefa skýrslu um birgðir sínar af þessum vörum eins og þær voru, er viðskipti hófust að morgni 15. ágúst.

Í Reykjavík skal skila birgðaskýrslum til Skömmtunarskrifstofu ríkisins, en utan Reykjavíkur til oddvita eða bæjarstjóra, sem síðan senda skrifstofunni skýrslurnar. Viðskiptanefnd ákveður með auglýsingu lengd úthlutunartímabils og para-fjölða, sem úthlutað er hverjum einstaklingi.

4. gr.

Hver sá, er flytur til landsins vörur þær, er að framan greinir, eða framleiðir innanlands, skal þegar í stað senda Skömmtunarskrifstofu ríkisins skýrslu um þær.

Enn fremur skulu tollstjórar, hver í sínu umdæmi, gefa Skömmtunarskrifstofu ríkisins jafnharðan skýrslu um allan innflutning framangreindra vara og hver sé viðtakandinn.

5. gr.

Heildsöluverzlanir mega ekki selja smásöluverzlunum vörur þær, sem að framan greinir, án leyfis Skömmtunarskrifstofu ríkisins.

Enn fremur mega innlendir framleiðendur ekki selja vörur þessar án skömmtunarseðla eða heimildar frá Skömmtunarskrifstofu ríkisins.

6. gr.

Verzlanir og innlendir framleiðendur skulu 1. dag hvers mánaðar senda Skömmtunarskrifstofu ríkisins skýrslu um sölu sína, kaup eða framleiðslu á skófatnaði í næsta mánuði á undan, svo og skýrslu um birgðir þessara vara. Skýrslu þessari skulu fylgja seðlar þeir, er komið hafa í mánuðinum á undan fyrir seldar vörur.

7. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins getur hvenær sem er, án dómsúrskurðar, látið fulltrúa sína rannsaka birgðir verzlana og innlendra framleiðenda á vörum þeim, sem hér um ræðir.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 200 000 krónum, og skal með mál út af slíkum brotum fara sem almenn lögglumál.

87

14. ágúst

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 13. ágúst 1947.

Emil Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

Stjórnartíðindi 1947, B. 13.

REGLUGERÐ

88

13. maí

um húsagerðarsamþykktir í sveitum.

I. KAFLI

Markmið samþykktar og verkefni.

1. gr.

Búnaðarsamböndum er heimilt að setja samþykkt um, að sambandið taki að sér ákveðnar húsagerðarframkvæmdir á sambandssvæðinu, eða komi á félagsskap, er taki að sér framkvæmd þessara mála.

Húsagerðarframkvæmdir þær, sem hér um ræðir, eru:

1. Að reisa íbúðarhús;
2. að reisa hvers konar geymsluhús;
3. að reisa peningshús. Þar til heyrandi hesthús, fjós, fjárhús, svínahús, loðdýragarðar, hlóður fyrir þurrhey og vothey, áburðargeymslur, svo og önnur mannvirki, sem nauðsynleg eru til búreksturs.

II. KAFLI

Undirbúningur að stofnun húsagerðarsamþykktar.

2. gr.

Nú ákveður aðalfundur búnaðarsambands að koma á húsagerðarsamþykkt fyrir sambandssvæðið, og skal þá stjórn sambandsins semja frumvarp að húsagerðarsamþykkt á grundvelli laganna og þessarar reglugerðar. Frumvarpið skal senda formönnum allra hreppabúnaðarfélaganna innan sambandsins. Jafnframt sé þeim tilkynnt, að frumvarpið verði tekið til fullnaðarafgreiðslu á næsta aðalfundi sambandsins.

3. gr.

Formönnum hreppabúnaðarfélaganna ber að boða til almenns fundar í félagi sínu. Í fundarboði skal tekið fram, að frumvarp til húsagerðarsamþykktar verði til umræðu og afgreiðslu. Skal til fundarins boðað með nægilegum fyrirvara og félagsmönnum gefinn kostur á að kynna sér samþykktina. Skal tilkynnt í fundarboði, hvar samþykkt liggja frammi til sýnis fyrir félagsmenn.